

# Stígamót

Ársskýrsla 2005



## Stígamót

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857

Netfang: [stigamot@stigamot.is](mailto:stigamot@stigamot.is)

Vefsíða: [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)

Ritstjórn:

Texti: Guðrún Jónsdóttir (Rúna)

Tölfræðileg úrvinnsla: Dána Sigurðardóttir

Forsíða: Frá Kvennafrídegi í Reykjavík 2005,

ljósmyndari Þorkell Þorkelsson

## Um ársskýrslur Stígamóta

Í ársskýrslu þessari segir frá 16. starfsári Stígamóta. Bæði er sagt frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfi og hugmyndafræðinni að baki starfinu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta og alnafna núverandi ritstýru. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um tölulega samantekt sá Díanna Sigurðardóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun, auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

## Efnisyfirlit

bls.

<b>Stofnun og hugmyndafræði</b>	<b>3</b>
<b>Innra starfið</b>	<b>3</b>
Hugmyndafræðin	3
Skipulag og starfshópur	4
Framkvæmdahópur	4
Fjárhagslegur grundvöllur starfsins	4
Kristinarsjóður	5
Styrkveitingar og fjárframlög	5
Hefðbundinn jólaupplestur	5
JB- byggingafélag stoltur styrktaraðili	6
Listasýningar í húsnæði Stígamóta	6
Fullt hús á 15 ára afmælinu	6
<b>Sjálfs hjálparstarfið</b>	<b>7</b>
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf	7
Um sjálfs hjálparhópana	7
Opnir 12 spora fundir	7
Símaþjónusta	7
Þjónusta við konur í vændi	8
Börn og unglíngar	8
Samstarf við Krýsuvíkursamtökin	8
<b>Fræðsla og kynning</b>	<b>9</b>
Fyrirlestrar, fræðsla og heimsóknir	9
Erlendir gestir	9
Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum	10
Hádegissmellir	10
Framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi	11
Endurskoðun á kynferðisbrotakafla hegn.laganna	11
Thelma Ásdisardóttir var kona ársins	11
Amælisárið mikla	12
Einstök samstaða á kvennafrídegi	12
Hvers vegna kvennafrí?	13
Auglýsingaáttak í strætisvagnaskýlum	13
Samskipti við fjölmiðla	14
Samskipti við íslensk stjórnvöld	14
<b>Alþjóðastarf</b>	<b>14</b>
Peking + 10 í New York	15
Norðurlönd – griðland fyrir ofbeldismenn?	15
Norrænt námskeið um rekstur sjálfs hjálparhópa	16
Djúpalónsperlur í norrænum kvennaathvörfum	16
Aðrar erlendar ráðstefnur og fundir	17
Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum	17
<b>Tölur</b>	<b>18</b>
Tölulegar upplýsingar	18
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	23
Um ofbeldisverkin	27
Kærð mál	34
Um ofbeldismenn	35

## Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



Stígamót, Hverfisgötu 115

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi, var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum.

Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfssemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem fyrir því verða. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

## Innra starfið

### Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunnildi í starfi með þeim sem orðið hafa fyrir því, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem

varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra, séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi, en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á, að það fólk sem hingað leitar séu “sérfræðingarnir” það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfsvenna og þeirra sem aðstoðar leita. Þessar hugmyndir er leitast við að endurspeglar í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

## Skipulag og starfshópur

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfsvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonur Stígamóta eru 6. Skipti á starfsfólki urðu í fyrsta sinn síðan árið 1999 í lok ársins. Þá hætti Bergún Sigurðardóttir og er henni þakkað mikið starf hjá Stígamótum í 13 ár. Diana Sigurðardóttir fór í barneignarfrí í lok ársins. Til þess að leysa Díönu af var ráðin Kristbjörg Kristjánsdóttir, mann- og kynjafræðingur með reynslu af feminísku starfi. Hún hóf störf í desember. Í starf Bergúnar var ráðin Guðný Hafliðadóttir sem er að ljúka mastersprófi í meðferðarfræðum frá London. Guðný hefur lengi tekið þátt í starfi Stígamóta og hefur stýrt sjálfshjálparhópum.



Starfskonur og aðrir aðstandendur Stígamóta í móttöku forseta Íslands í tengslum við norrænu ráðstefununa sem Stígamót stóðu fyrir.

Stöðuhlutfall Dóru var aukið um 50%, en hún var heiðruð á árinu eftir tíu ára starf. Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. En fleiri konur komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Nokkur hópur leiðbeinenda starfrækti sjálfshjálparhópum og ýmsir aðrir velunnarar lögðu hönd á plóginn. Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir.

## Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfsvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Diana Sigurðardóttir, Guðrún Jónsdóttir (Rúna), Margrét Steinarsdóttir, Thelma Ásdísardóttir og Theodóra Þórarinsdóttir. Varakona í framkvæmdahópi var Egló Sigmundsdóttir. Þórunn Þórarinsdóttir leysti Díönu af þegar hún fór í barneignarfrí.

## Fjárhagslegur grundvöllur starfsins

Tekjur Stígamóta koma frá Félagsmálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Stígamót hafa gert þjónustusamning við Reykjavíkurborg, þar sem skilgreind er sú

þjónusta sem borgin kaupir af Stígamótum. Í samningnum felst m.a. fræðsla frá Stígamótum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar. Að auki hafa Stígamótum borist veglegir styrkir og framlög. Heildartekjur Stígamóta námu rúmum 35 milljónum og útgjöld námu 32.5 milljónum. Allar nánari upplýsingar um fjárhag Stígamóta má fá í ársreikningi.

## Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakonu. Sjóðnum er ætlað að fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Margar góðar gjafir hafa borist í sjóðinn. Stærst var gjöf Zontakvenna sem seldu 8000 rósanælar árið 2003 og söfnuðu þannig 3 milljónum króna. Sjóðurinn hefur gert okkur kleift að styðja og styrkja sérstaklega konur í vændi, jafnframt því að standa undir fræðslustarfi tengdu þessari birtingarmynd ofbeldis og kvenfyrirlitningar. Má nefna norrænt námskeið um verslun með konur í tengslum við Norrænu ráðstefnuna *Norðurlönd – gríðland fyrir ofbeldismenn?* sem Stígamót stóðu fyrir. Námskeiðinu var stýrt af þeim Dorit Otzen og Trine Lund Jensen.

## Styrkveitingar og fjárframlög

Fjárhagur Stígamóta var bágur í upphafi árs. Í fyrsta sinn í sögunni var árið hafið með rúmlega þriggja milljón króna halla, þrátt fyrir ítrasta sparnað. Hins vegar batnaði ástandið framfar vonum vegna mikils stuðning úr óvæntustu áttum. Birtingarmyndir stuðningsins voru ýmsar. Kona nokkur sem ekki vill láta nafns síns getið hefur í mörg ár styrkt Stígamót í hverjum mánuði um kr. 1.000. Fleiri einstaklingar hafa lagt peninga inn á reikning Stígamóta án þess að hafa um það nokkur orð. Þau Gylfi Jónsson og Kristrún Sigurðardóttir héldu tómbólu til stuðnings Stígamótum og var ágóðinn af henni kr. 52.000. Nemendur í 9. bekk Álftamýrarskóla héldu bekkjarskemmtun og söfnuðu 46.800 kr. sem þau gáfu Stígamótum.



Krakkarnir í 9. bekk Álftamýrarskóla og kennari

Verslunin Debenhams bauð til kynningar og ánafnaði V-dagssamtökunum einni milljón króna. Þær V-dagskonur ákváðu að deila milljóninni með Stígamótum og afhentu okkur kr. 500.000. Eftir útkomu bókarinnar hennar Thelmu Ásdísardóttur jókst áhugi fyrir málefnum Stígamóta og tvenn hjón sem ekki vilja láta nafns síns getið styrktu starfið um annars vegar kr. 500.000 og hins vegar kr. 250.000. Starfskonur Stígamóta voru boðaðar í Höfða í lok árs til þess að taka við 250.000 króna styrk úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen. Sótt var um styrk í Minningarsjóð Margrétar Björgólfsdóttur til bæklingsgerðar og þaðan voru Stígamótum afhentar kr. 250.000. Hér fyrir neðan er sérstaklega sagt frá styrktarsamningi JB- byggingafélags og Stígamóta. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægur þessi stuðningur var og hversu hvetjandi það var að finna samhug og skilning. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir.

## Hefðbundinn jólaupplestur var haldinn 10. desember

Að venju áttu vinkonur og velunnarar Stígamóta notalega stund saman í byrjun desember. Merkiskonur lásu úr verkum sínum. Það voru þær Sæunn Ólafsdóttir með bók sína Brosað gegnum tárin, Auður Eir og Edda Andrésdóttir lásu úr bókinni um Auði Eir, Anna Ingólfsdóttir sem þýtt hefur bækur Lizu Marklund Huldslóð og Friðland las upp úr þeim. Stoltið okkar hún Thelma Ásdísardóttir ásamt Gerði Kristnýju lásu upp úr bókinni Myndin af pabba - Saga Thelmu. Að lokum las Harpa Njáls kaflann Í dag úr bókinni “Hugleiðingar eftir 365 íslendinga”.

## JB- byggingafélag stoltur styrktaraðili Stígamóta



Vilborg, Sigurður og Guðrún við undirskrift Stuðningssamnings JB við Stígamót

JB- byggingafélag hafði samband og óskaði eftir að gerast styrktaraðili Stígamóta. Byggingafélagið ákvað að styrkja Stígamót um kr. 500.000 á ári næstu þrjú árin og að auki hyggjast starfsmenn fyrirtækisins og fjölskyldur þeirra senda okkur hóp fólks einn dag á ári til þess að dytta að húsnæðinu. Í ár mætti fríður flokkur JB- fólks og málaði stofurnar og endaði svo með því að bera inn nýjan hornsófa sem gefinn var af BYKO. Þau Sigurður Sigurgeirsson og Vilborg Hjaltsted, sem eiga og reka byggingafélagið bættu svo um betur og mættu ásamt Hannesi Sigurgeirssyni framkv.stjóra Steypustöðvarinnar og afhentu eina og hálf milljón sem þau höfðu safnað á uppskeruhátíð byggingariðnaðarins með sölu vinabanda.

## Listasýningar í húsnæði Stígamóta

Eftir að Stígamót fluttu að Hverfisgötu 115 hefur komist á samstarf við íslenskar listakonur. Úrvals listakonur hafa tekið að sér að taka herbergi í ársföstur. Þannig hafa 6 listakonur sýnt verk sín í húsakynnum Stígamóta þetta árið. Það eru þær Magdalena Margrét Kjartansdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Sara Vilbergsdóttir, Lu Hung, Ólöf Kjaram, Soffía Sæmundsdóttir og Brynhildur Ósk Gísladóttir. Lisaverkin hafa átt mikilvægan þátt í að skapa fallegt og fjótt umhverfi fyrir starfseminu. Það skiptir miklu máli að fegra umhverfið á stað eins og Stígamótum. Það ber vott um virðingu fyrir starfinu og því fólki sem nýtir sér aðstöðuna. Eiga listakonurnar heiður og þakkir skilið fyrir framlag sitt til starfsins.



Sara Vilbergsdóttir með myndirnar sínar sterku

## Fullt hús á 15 ára afmælinu þann 8. mars



Turilla frá Færeyjum flytur drápu

Þann 8. mars sl., á 15 ára afmælinu, var fullt hús á Stígamótum allan daginn. Fjölmíðlar komu á morgunfund og fengu snitturnar dýru sem við splæsum á fjölmiðlafólk á hverju ári til þess að liðka fyrir áhugaverðum skrifum.

Svo bárust blóm, kveðjur og gjafir. Fólk tók að streyma til okkar og seinni partinn fengum við heimsókn listafólks. Kvennakórinn Vox femine söng dásamlega, Thelma Ásdísardóttir flutti okkur frumsaminn texta um eigin þroska og aukin lífsgæði, Turilla frá Færeyjum - frænka hennar Körtlu Daggar, kom og flutti okkur dásamlega drápu og vakti mikinn fögnuð. Kolbrún Erna las m.a. ljóðin hennar Bjargar G.Gísladóttur. Listasýning var opnuð og listakonurnar sex sem áttu verk á sýningunni voru til staðar. Samstarfsaðilar, gamlar Stígamótakerlur, pólitíkusar og fólkið af götunni átti vonandi góðar stundir og gladdi okkur og hvatti í baráttunni.



# Sjálfshjálparstarfið

## Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð, eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk, sem til Stígamóta leitar, ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Árið 2005 voru veitt 20042 ráðgjafarviðtöl hjá Stígamótum.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldinu. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma og í gegnum tölvupóst.

## Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfsemi. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum, einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Reynslan af hópastarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja sér styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum í þrjú tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar. Í gegnum árin hafa ýmsar konur leitt sjálfshjálparhópana. Árið 2005 voru leiðbeinendur þær Karla Dögg Karlsdóttir, Bergrún Sigurðardóttir, Björg G. Gísladóttir, Thelma Ásdísardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir.

Á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Í ár var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 15. – 16. október og þátttakendur voru 22. Farið var yfir helstu þætti í hugmyndafræðinni og þá þætti sem skipta máli við úrvinnslu á ofbeldisreynslu. Hlutverkaleikir voru nýttir til þjálfunar og fleira var gert til þess að þjálfa góða leiðbeinendur. Að þessu sinni tóku Ísfríðingar þátt í námskeiðinu, en þar er hugur í fólk að koma á laggirnar sjálfshjálparhópum. Árið 2005 voru sjálfshjálparhóparnir 6, þar af einn í samstarfi við Krýsuvíkursamtökin og haldinn í Krýsuvík.

## Opnir 12 spora fundir

Hópur reyndra Stígamótakvenna endurvakti 12 sporafundina árið 2004 og vann mikla undirvinnu fyrir 12 spora kerfið. Þetta voru m.a. þær Björg, Bergrún, Thelma og Karla. Á árinu voru haldnir 51 tólf spora fundir og skráðar voru 342 komur á þá eða tæplega 7 konur á hvern fund. Þessir fundir eru haldnir á miðvikudagskvöldum kl. 20-21 og eru sérstaklega ætlaðir fólk sem búið er að nýta sér aðra þjónustu Stígamóta.

## Símaþjónusta

Því miður er ekki til nákvæm tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símaþjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Símtölin sl. ár námu a.m.k. 1500 sl. ár. Það má fullyrða að í símaviðtölum berast upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi, sem hvergi kemur fram annars staðar. Þess má geta að sérstaklega er starfræktur sími ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Sumar þeirra treysta sér ekki

til þess að koma í viðtöl. Að jafnaði eru mörg stuðningssímtöl á dag alla virka daga ársins. Fólk á landsbyggðinni notfærir sér eðlilega mikið þessa leið.

## Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Nokkuð var gert á síðasta ári til þess að komast í samband við þær konur sem kynnu að þurfa á aðstoð að halda. Um er að ræða þróunarvinnu sem tekur langan tíma. Eitt af því sem vel tókst, var að bjóða í eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum, öllum þeim aðilum sem sinna áfengis og vímuefnaeðferð. Lögð var sérstök áhersla á að kynna þjónustu Stígamóta við konur í vændi. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

## Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum, nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

## Samstarf Stígamóta og Krýsuvíkursamtakanna

Í október árið 2004 gerðu þær Thelma Ásdisardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir samning við Krýsuvíkursamtökin um samstarf við Stígamót. Samstarfið gengur út á að veita því fólki sem er í meðferð í Krýsuvík og hefur orðið fyrir misnotkun, nauðgun, kynferðislegri áreitni og/eða verið í vændi stuðningsviðtöl. Krýsuvíkursamtökin sjá um að greiða ráðgjöfunum fyrir þessa vinnu. Þær Thelma og Þórunn fóru einu sinni í viku til Krýsuvíkur og voru þar hálfan daginn. Árið 2005 urðu ferðirnar 40, skjólstæðingarnir voru 24 þar af 19 nýir. Konurnar voru 18 og karlarnir 6. Viðtölin voru 130.



Þórunn og Thelma í Krýsuvík

Í byrjun ágúst héldur þær stöllur fyrirlestur um Stígamót og kynferðisofbeldi sem heppnaðist mjög vel. Rætt hefur verið um að halda reglulega slíka fyrirlestra til að nýtt dvalarfólk fái tækifæri til þess að kynnast því hvers konar þjónusta er í boði. Jafnframt hefur verið rætt um aukna ráðgjöf frá Stígamótum í Krýsuvík. Áfengisráðgjöfunum fannst þetta góð viðbót við meðferðina og gott að geta boðið fólki að vinna úr kynferðisofbeldinu á meðan á vímuefnaeðferð stendur. Þau sem nýttu sér viðtölin voru ánægð, aðspurð sögðust mörg þeirra aldrei hafa talað um kynferðisofbeldið fyrr en í Krýsuvík. Einn sjálfshjálparhópur var starfræktur á vegum Stígamóta og eftir það voru gerðar tvær tilraunir til þess að koma á laggirnar hópum, en þær tilraunir misheppnuðust. Tvær megin ástæður lágu að baki þessum erfiðleikum. Önnur var sú að fólk hætti í meðferðinni og hin var sú að fólk treysti sér ekki til að vinna í hópi. Þrátt fyrir að meðferðin í Krýsuvík sé með þeim lengri sem boðið er uppá ( 6. mánn) eru langflestir ekki tilbúnir í þá vinnu og vinnslu sem fer fram í sjálfshjálparhópum. Eftir meðferð í Krýsuvík býðst fólki þjónusta Stígamóta og sumir hafa nýtt sér það tilboð.

## Fræðsla og kynning

Annað af tveimur meginmarkmiðum Stígamóta er fræðsla og vitundarvakning um kynbundið ofbeldi. Að venju fór hún fram á ýmsan hátt og verður hér stiklað á stóru. Þess má geta að Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta sér um fræðslumálin.

### Fyrirlestrar, fræðsla og heimsóknir

Eitt af mikilvægustu fræðsluverkefnum sem Stígamót sinna er að ná til ungs fólks í skólum landsins. Nemendur í 9. bekk Álfamýrarskóla óskuðu eftir fræðslu. Þau héldu jafnframt skemmtun til stuðnings Stígamótum og söfnuðu kr. 46.800. Nemendur Borgarskóla fengu líka fræðslu. Þar sem ómögulegt er að Stígamót geti frætt allt skólafólk landsins er ekki síður mikilvægt að ná til skólafólks. Þannig fræðsla fór fram í Melaskóla. Margir framhaldsskólar höfðu samband og var ýmist að skólar voru heimsóttir eða nemendur heimsóttu Stígamót. Má nefna nemendur í Borgarholtsskóla, Fjölbraut í Keflavík og Verzlunarskóla Íslands. Úr Háskóla Íslands komu neman af flestum þeim námsbrautum sem sinna mannlegum samskiptum. Bæði var um að ræða einstaka nemendur vegna verkefna og nemendahópa. Nemendur úr hjúkrunarfræði á Akureyri og íslenskir stúdentar í námi erlendis fengu líka upplýsingar vegna rannsókna.

Sérstaklega skal þess getið að tveir neman í félagsráðgjöf voru á haustmisseri í verknámi hjá Stígamótum. Það voru þær Jóna Margrét Ólafsdóttir og Signý Valdímarsdóttir. Þær tóku m.a. að sér “að opna húsið” og héldu utanum fjögur fræðsluerindi sem getið er annars staðar.

Annað fyrirlestrahald var líka mikilvægt og má nefna, að samkvæmt þjónustusamningi Stígamóta og Reykjavíkurborgar hefur öllum þjónustumiðstöðvunum fimm verið boðin fræðsla um kynbundið ofbeldi frá sjónarhóli Stígamóta. Þegar hefur slík fræðsla farið fram í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Starfsfólk Félagsþjónustu Kópavogs var líka upplýst um starfsemina. Styrkur, samtök kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi, héldu vandaða ráðstefnu í Kennaraháskólanum 12. apríl og þar var m.a. erindi frá Stígamótum. Aðrir aðilar sem óskuðu eftir fyrirlestrum voru m.a. Ungir jafnaðarmenn sem voru heimsóttir tvisvar, Sjálfbodaliðar hjá Rauða krossinum, aðstandendur Mömmumorgna hjá Neskirkju, Feministafélagið í kjölfar Peking +10 ráðstefnunnar í New York og Svæðisskrifstofa fatlaðra vegna sambýlis. Starfsfólk Neyðarmóttöku vegna nauðgana heimsótti Stígamót og aðstandendur V-dagssamtakanna sendu sitt fólk í fræðsluferðir til okkar.

Þær Dögg Káradóttir og Guðrún Frimannsdóttir heimsóttu Stígamót á vegum félagsmálaráðuneytis til þess að leita álits í tengslum við gerð framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi.

### Erlendir gestir

Af erlendum gestum má nefna sænska þingmenn, þar með talda Carinu Ohlson, sem er þingmaður sosialdemokrata og formaður sænsku kvennaathvarfasamtakanna SKR. Eve Ensler sem skrifaði Píkusögur og stofnaði upphaflegu V-dagssamtökin sótti líka Stígamót heim. Ensler er einstök kona með mikinn kraft og útgeislun. Það var ógleymanlegt að hitta hana og eiga stund með henni og öðrum V-dagskonum. Þær V-dagskonur útnefndu talskonu Stígamóta “Vaginal warrior of Iceland” sem væntanlega útleggst “Píkustríðskona Íslands” ásamt þeim Ólafi Ragnari Grímssyni og Eyrúnu Jónsdóttur hjá NM á dagskrá V-dagsins þann 8. mars. Já, starfinu á Stígamótum fylgir ýmis merkileg lífsreynsla!

Angela Shelton, sem fræg varð fyrir að gera myndina “leitin að Angelu Shelton”, kom til landsins á vegum Blátt áfram kvenna og kíkti við á Stígamótum. Anne Lise Rust sálfr. hjá Neyðarmóttökunni í Kaupmannahöfn mætti í heimsókn ásamt Eyrínu Jónsdóttur á íslensku Neyðarmóttökunni. Fulltrúar frá Bandaríska- og sænska sendiráðinu leituðu upplýsinga vegna mansalsmála og vændis.

Síðast má telja móttöku Stígamóta fyrir gesti á ráðstefnu NKMV og Stígamóta. Þann 2. sept. var húsið opnað fyrir kollegum okkar frá hinum Norðurlöndunum og nýttu margar tækifærið til þess að þiggja kaffi og pönnukökur.



Eve Ensler með V-dagskonum, Stígamótakonum og Eyrínu á Neyðarmóttökunni.

## Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Sú venja hefur skapast á undanförunum árum að bjóða til Stígamóta því lykilfólki sem ástæða hefur þótt að ná sambandi við. Þann 3. febrúar mættu 22 aðstandendur vímuefna og áfengismeðferðar á Íslandi í kaffi og “með því”. Gestirnir voru frá deild 33A og Göngudeild vímuefna á Landsspítalanum, frá Dyngjunni, Krýsuvík, Takmarkinu og úr 12-spora húsinu. Kveikjan að heimboðinu var að styrkja sambandið við þessa samstarfsaðila sem vinna á sama eða svipuðum akri og við og að tryggja upplýsingaflæði til þess fólks sem stundað hefur vændi.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri í Félagsmálaráðuneytinu sýndu Stígamótum þann heiður að mæta í eftirmiðdagskaffi þann 13. okt. Þeim var kynnt starfsemin og settar fram hugmyndir um brýn úrlausnarefni. Það brýnasta var að marka heildstæða stefnu í málaflökknum sem yrði gefin út sem framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi. Thelma Ásdísardóttir, sem sæti á í framkvæmdahópi nýtti tækifærið og færði ráðherra áritað eintak af bók sinni “Myndin af þabba”. Nokkrum dögum eftir heimsóknina kom tilkynning frá ríkisstjórn Íslands um að skrifuð yrði framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi! Þeim Dögg Káradóttur og Guðrúnu Frimansdóttur var fengið verkefnið og hafa þær báðar heimsótt Stígamót.

## Hádegismellir

Stígamót tóku á móti tveimur þriðja árs félagsráðgjafarnemum í starfsþjálfun á haustmisseri. Þær Jóna Margrét Ólafsdóttir og Signý Valdimarsdóttir eyddu hjá okkur 26 starfsdögum og nýttu þá vel. Markmiðið með starfsnáminu var að kynna nemunum hópastarf og samfélagsvinnu sem starfsaðferðir félagsráðgjafa. Nemunum var m.a. fengið það verkefni að “opna húsið” fyrir fagfólki, fjölmiðlum og almenningi og að virkja þær konur sem nýtt hafa sér þjónustu Stígamóta til liðs við sig. Verkefnið skyldi jafnframt vera menntandi fyrir starfskonurnar. Þær stöllu stóðu fyrir fjórum hádegisfundum og boðið var upp á léttan hádegisverð á kostnaðarverði.

Fyrirlestra fluttu þær Þorbjörg Gunnlaugsdóttir lögfræðingur sem kynnti niðurstöður úr rannsókn sinni um nauðgunarákvæði hegningarlagna, Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari sem kynnti kærufæri í kynferðisbrotamálum og Hulda Elsa Björgvinsdóttir lögfræðingur hjá Lögreglunni í Reykjavík sem



Hulda Elsa Björgvinsdóttir

sagði frá aðkomu lögreglu að kynferðisbrotamálum. Síðasti hádegissmellurinn var haldinn í Norræna húsinu, en þá voru fulltrúar flokkanna í borgarstjórn Reykjavíkur fengnir til þess að lýsa aðkomu borgarstjórnarflokkanna að málaflökknum. Þessi fyrirlestraröð tókst framar björtustu vonum. Aðsókn var góð og fjölmiðlar sýndu einstakan áhuga.

## **Framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi**

Í nóvember árið 2004 stóðu 16 félagasamtök og stofnanir fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Átakinu lauk með afhendingu áskorunar til yfirvalda um að setja fram heildstæða aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi er hefði réttlæti, forvarnir, stuðning og vernd til handa fórnarlömbum að leiðarljósi. Í kjölfar átaksins var settur á fót aðgerðahópur gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi með það að markmiði að stuðla að upplýstri umræðu um málefnið og vera stjórnvöldum til stuðnings og leiðbeiningar við gerð aðgerðaáætlunar er tæki til löggjafar, dómstóla, saksóknara og löggæslu, félagslegra úrræða, fræðslu til almennings og fagaðila; ásamt sértækum aðgerðum innan mennta-, heilbrigðis- og félagslega kerfisins. Hópurinn tók saman drög að aðgerðaáætlun. Í hópnum voru fulltrúar frá Kvennaathvarfinu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Íslandsdeild Amnesty International og Unifem á Íslandi. Mikil vinna var lögð í að ná samstarfi við ráðamenn og voru ráðherrar heilbrigðismála, menntamála, dómsmála og félagsmála heimsóttir til þess að tala fyrir verkinu.

Á haustdögum tilkynnti ríkisstjórnin að framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi yrði kynnt í mars árið 2006. Ráðnar voru starfskonur til verksins og þeim falið að hafa samráð við hagsmunaaðila og frjáls félagasamtök.

## **Endurskoðun kynferðisbrotakafla hegningarlagna**

Aðgerðahópurinn sem skrifaði drög að framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi bauð fulltrúum stjórnvalda og fjölmiðlum til morgunverðarfundar þar sem áætlunin var kynnt. Til fundarins mætti m.a. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Hann tilkynnti að hafin væri vinna við endurskoðun kynferðisbrotakafla almennra hegningarlagna. Í máli hans kom einnig fram að refsiréttanefnd hefði fengið til umfjöllunar fyrirspurn ráðherra um sérstakt refsiakvæði er lýtur að heimilisofbeldi. Þá kom fram að bættar verklagsreglur lögreglu um heimilisofbeldi eru í vinnslu hjá ríkislögreglustjóra.

Í máli ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, Ragnhildar Arnljótsdóttur, mátti sömuleiðis greina jákvæð viðbrögð við aðgerðaáætluninni. Fulltrúar félagsmála- og heilbrigðisráðuneytisins lögðu áherslu á útvíkkun starfssviðs Neyðarmóttöku vegna nauðgunar í þá átt að hún verði í stakk búin til að taka á móti konum sem beittar hafa verið heimilisofbeldi. Þá var vilji hjá stjórnvöldum til að endurvekja verkefnið *Karlar til ábyrgðar* sem lýtur að meðferð fyrir ofbeldismenn.

Á fundinum kom fram mikill skilningur og áhersla á mikilvægi þverfaglegrar samvinnu til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Nauðsynlegt er að samráð ráðuneyta, sveitastjórna og félagasamtaka sé tryggt við lagabreytingar og félagsleg úrræði. Aðgerðahópurinn lýsti yfir ánægju með jákvæð viðbrögð stjórnvalda og jafnframt eindregnum vilja sínum til áframhaldandi samstarfs.

## **Thelma Ásdísardóttir var kona ársins!!!**

Í annál ársins 2005 verður að skrá útkomu bókarinnar um hana Thelmu. Thelma Ásdísardóttir nýtti sér Stígamót í mörg ár til þess að vinna úr reynslu sinni af grófu kynferðisofbeldi. Hún hefur verið mjög virk í starfi Stígamóta, leitt sjálfshjálparhópa og situr nú í framkvæmdahópi. Í ár kom út saga hennar undir nafninu *Myndin af pabba – saga Thelmu* sem skráð var af Gerði Kristnýju. Í bókinni gerir Thelma upp líf sitt og systra sinna. Það er skemmst frá því að segja að bókinn vakti gífurlega athygli og hristi rækilega upp í íslensku samfélagi. Frægt varð Kastljósviðtal við Thelmu þar sem hún sagði hispurslaust frá lífsreynslu sinni og þroskasögu. Í öllum fjölmiðlaviðtölum stóð Thelma sig með afbrigðum vel. Í bókinni sjálfri og

í allri umfjöllun um hana bar Thelma Stígamótum góða sögu. Sú jákvæða athygli sem Stígamót nutu í kjölfar útgáfunnar varð til þess að auðveldara var að ná eyrum ráðamanna, fólk sendi peningagjafir og fyrirspurnum ringdi inn. Haldin voru málþing og ráðstefnur og almenningur vildi vita hvernig bregðast eigi við þegar grunur leikur á ofbeldi gagnvart börnum. Thelma var kjörin kona ársins af Nýju lífi. Biskup Íslands útnefndi hana sem mann ársins og þegar árið var gert upp á Rás 2 í Ríkisútvarpinu, kusu hlustendur hana mann ársins. Thelma fékk þar að auki Ljósberaverðlaun ársins og fór afhendingin fram í húsnæði Stígamóta þann 2. desember. Starfskonur voru ekki lítið stoltar af sinni konu. Öll fræðsla varð áhrifaríkari og auðveldari þegar Thelma hafði gefið ofbeldinu andlit sem fólk gat tengt við – flestir þekkja nú Thelmu og sögu hennar. Áskorunin fyrir íslenskt samfélag er að setja sögu Thelmu í víðara samhengi. Vekja þarf skilning á öllum þeim börnum sem í dag búa við sambærileg uppvaxtarskilyrði og Thelma gerði og tryggja að þau fái rétta hjálp á réttum tíma.



Thelma og Gerður Kristný við afhendingu Ljósberaverðlaunanna.

## Afmælisárið mikla



Á árinu tóku Stígamót mikinn þátt í hvers kyns samstarfsverkefnum með ýmsum aðilum. Fyrirferðamest var afmælisnefndin góða, en í henni áttu sæti fulltrúar Stígamóta Kvennaathvarfs, RIKK, Kvenréttindafélagsins, Kvenfélagasambandsins, Samtaka kvenna af erlendum uppruna, Feministafélagsins, Unifem, Kvennakirkjunnar, Kvennaráðgjafarinnar og Kvennasögusafnsins. Kristín Ástgeirsdóttir var ein af driffjöðrunum í að koma hópnum saman og hvetja til dáða. Sagnfræðingurinn Kristín tók saman lista yfir stórafmæli ársins og það var ljóst að margt væri að minnast og mikið verk óunnið í kvennabaráttu. Kvenfélagasambandið hélt uppá 75 ára afmæli þann 1. febrúar, Kvennasögusafnið hélt uppá 30 ára afmæli og Stígamót uppá 15 ára afmæli. Ýmsar merkar ráðstefnur voru haldnar, en stóru viðburðirnir voru 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna þann 19. júní og 30 ára afmæli Kvennaverkfallsins mikla. Ákveðið var að halda baráttuhátíð á Þingvöllum þann 19. júní og efna til kvennafrís þann 24. okt. og fá konur úr verkalýðshreyfingunni til samstarfs. Þingvallahátíðin fór fram í úrhellisrigningu, en stemmningin var góð og um 2000 gestir mættu til hátíðarinnar.

## Einstök samstaða á kvennafrídegi þann 24. október

Þann 24. október var ákveðið að konur leggðu niður störf kl. 14.08, þegar 64,15% voru liðin af vinnudeginum. Þessi aðgerð var áminning um að atvinnutekjur kvenna eru aðeins um 64,15% af atvinnutekjum karla. Mikil óvissa ríkti um þátttöku og voruðu margir við tilraunum til þess að endurtaka söguna. Konur úr verkalýðshreyfingunni voru fengnar inn í undirbúningsnefndina og það er skemmst frá því að segja að þátttakan varð fram úr björtustu vonum. Stígamótakonur óku um bæinn á skreyttum bíl með kalltæki og skoruðu á konur á öllum aldri að taka þátt í aðgerðum. Talið er að hátt í 50.000 konur hafi safnast saman í miðbænum.

## Hvers vegna kvennafrí?

Vegna þess að:

- ...atvinnutekjur kvenna eru aðeins 64,15% af atvinnutekjum karla
- ... konur eru með 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma
- ...barneignir hafa neikvæð áhrif á laun kvenna en jákvæð áhrif á laun karla
- ...margar konur búa við öryggisleysi og ógn á heimilum sínum
- ...ein af hverjum þremur konum verður fyrir kynbundnu ofbeldi á lífsleiðinni
- ...konur uppskera ekki í samræmi við menntun sína
- ...konur í fyrirtækjarekstri hafa verri aðgang að fjármagni
- ...ábyrgð á umönnun barna og heimilisstörfum er enn að mestu á höndum kvenna
- ...umönnunarstörf eru með lægst launuðu störfum á vinnumarkaði
- ...rödd kvenna er veik í fjölmiðlum
- ...litið er á líkama kvenna sem söluvöru
- ...kona hefur aldrei verið forsætisráðherra, bankastjóri eða biskup
- ...konur hafa aldrei verið helmingur þingmanna
- ...konur njóta ekki jafnréttis á við karla
- ...þessu þarf að breyta. Ég þori, get og vil



Frá 19. júní á Þingvöllum  
Ljósma.: Karl R. Lilliendahl



Engin gat ímyndað sér þvílíka þátttöku og dagskráin á Ingólfstorgi fór fyrir ofan garð og neðan hjá flestum, því aðeins brot af konunum komst á torgið. Þetta var þó lúxusvandamál. Það verður verkefni næstu ára að láta reyna á hversu alvarlega þessi aðgerð kvenna verður tekin. Vonandi munu þær ungu konur sem ekki upplifðu kvennaverkfallið fyrir 30 árum skilja hvað í henni felst og ná að virkja þennan samtakamátt.

Í kjölfar kvennafríðags hófst nokkur vakning á meðal þess fólks sem undirbjó kosningaslag næsta vor. Það var gaman að verða vitni að því hvernig frambjóðendur fóru að vitna í sjálfa sig sem feminstu og lýsa því hvernig þeir myndu beita sér fyrir batnandi stöðu kvenna.

Eitt af því mikilvæga sem afmælisárið hafði í för með sér var að konur í ólíkum kvennasamtökum kynntust og þá myndaðist einstakt andrúmsloft samvinnu og umburðarlyndis. Afmælisnefndin hélt áfram að hittast eftir stóratburðina og vonandi berum við gæfu til þess að finna fleiri leiðir til að leiðrétta það valdaójafnvægi sem við búum við og m.a. lýsir sér í kynbundnu ofbeldi. Það er í hæsta máta Stígamótamál að bæta kjör kvenna.

## Auglýsingaátak Stígamóta í strætisvagnaskýslum

Í lok desember mátti sjá athyglisverða áminningu í strætisvagnaskýslum á höfuðborgarsvæðinu. Um var að ræða auglýsingar frá Stígamótum sem minntu á útbreiðslu og þögnina í kringum kynbundið ofbeldi. Það

var starfsfólk Hvíta hússins sem hannaði auglýsingarnar í verðlaunasamkeppni á vegum SÍA undir yfirskriftinni "Þögnin rofin". Í auglýsingunum var notast við nýja tækni. Á daginn sáu þær Mona Lisa og Madonnan með barnið og yfirskriftirnar voru "Hvað leynist á bak við brosið?" og "Ekkert er heilagt". Á kvöldin voru áverkar sjáanlegir og við minnt á, að á ólíklegustu stöðum getur ofbeldið leynst.

Eitt af því sem gerir starfið á Stígamótum erfitt er vitneskjan um ofbeldi þar sem síst skyldi. Þar sem þagnarskyldan er forsenda starfsins er ómögulegt að grípa inn gegn vilja þeirra sem leita hjálpar. Það getur verið erfitt að bera slík leyndarmál. Við getum þó bent fólki á að halda vöku sinni, fylgjast með náunganum og skipta sér af ef ætla má að ofbeldi eigi sér stað. Hafi starfsfólk Hvíta hússins bestu þakkir fyrir mikilvægan stuðning.



## Samskipti við fjölmiðla

Að venju var leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla. Engir samstarfsaðilar eru mikilvægari þegar kemur að fræðslu og vitundarvakningu. Fjölmiðlar hafa á undanförunum árum sýnt aukinn skilning á málaflöknum og Stígamót voru til umræðu á öllum fjölmiðlum í ólíku samhengi. Má sérstaklega nefna kynningu á ársskýrslu, norrænu ráðstefnuna, hádegissmellina, sem fengu mikla umfjöllun og síðast en ekki síst umræðuna í kjölfar útkomu bókarinnar hennar Thelmu Ásdísardóttur. Til marks um skilning og áhuga fjölmiðlafólks á starfi Stígamóta má geta þess að starfsfólk 365 ákvað að styrkja Stígamót um 250.000 krónur úr eigin sjóði í lok ársins.

## Samskipti við íslensk stjórnvöld

Mikilvægur hluti af þeirri samfélagsvinnu sem unnin er á Stígamótum er samstarf við stjórnmalafólk. Þau samskipti fara fram með ýmsu móti. Umsagnir voru skrifaðar um frumvörp sem fram komu innan okkar málaflökks og stundum var óskað eftir að þeim væri fylgt eftir á fundi með allsherjarnefnd. Fjárveitingarnefnd var að venju heimsótt til þess að fylgja eftir fjárhagsáætlun. Á þingi Norðurlandaráðs var óskað eftir fundi vegna tillagna um klám og vændi. Á afmæli Stígamóta þann 8. mars fjölmenntu þingmenn og konur í heimsókn. Félagsmálaráðherra þáði boð í eftirmiðdagskaffi og einstakir þingmenn höfðu samband vegna málatilbúnaðar. Ráðherrar voru heimsóttir til þess að fylgja eftir framkvæmdaáætlun gegn kynbundu ofbeldi og formaður allsherjarnefndar sat í pallborði á norrænu ráðstefnunni sem Stígamót héldu á haustdögum.

## Alþjóðastarf

Það þarf ekki að taka fram hversu mikilvægt það er fyrir faglegt starf Stígamóta að vera í góðu sambandi við umheiminn. Bæði til þess að tryggja nýjustu og bestu þekkingu á hverjum tíma og til þess að nýta samtakamáttinn með systursamtökum okkar vítt og breitt um heiminn. Tvennt bar hæst á árinu. Annars vegar þátttaka talskonu Stígamóta í íslensku sendinefndinni á fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna og hins vegar ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold sem Stígamót héldu í byrjun september.



## Peking + 10 í New York

Guðrún Jónsdóttir fór fyrir hönd Stígamóta til New York í lok febrúar til þess að taka þátt í fundi Kvinnanefndar Sameinuðu þjóðanna. Farið var yfir það sem áunnist hafði á þeim tíu árum sem liðin voru frá því að framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna í jafnréttismálum var samþykkt. Jafnframt hittust um 750 fulltrúar alþjóðakvinnahreyfingarinnar til þess að veita stjórnvöldum aðhald og gera það sem hægt er til þess að vekja athygli á þeim verkum sem vinna þarf í þágu betri heims. Í tengslum við ráðstefnuna var gefin út skýrslan *Peking svikin*, en það var úttekt *Women Worldwide* um það hvernig tekist hefði til að hrinda Pekingáætluninni í framkvæmd. Um var að ræða skýrslur kvenna í 150 löndum og er yfirskriftin vísbending um innihaldið.



Frá dagskrá Nordiske kvinner mot vold í New York, Jytte Mejholt fra LOKK hefur orðið.

Stígamótafulltrúinn nýtti tímann eftir bestu getu, sat opinberu ráðstefnuna, tók þátt í hliðardagskrá kvinnahreyfingarinnar og nýtti tímann til samstarfs við norræna kollega og alþjóðasamtök eins og Coalition against Trafficking in Women. Jafnframt var haldið úti dagbók á heimasíðu Stígamóta. Í New York kváðu *Nordiske kvinner mot vold* sér hljóðs og stóðu fyrir eigin dagskrá þar sem í hlut Stígamóta kom að segja frá verkefninu “Bætum hlustunarskilyrðin”.

## Norðurlönd – griðland fyrir ofbeldismenn?

### Um aðgerðir og aðgerðaleysi gagnvart kynbundnu ofbeldi

Stærsta verkefnið sem Stígamót réðust í á árinu var að halda 12. ráðstefnu Norrænna kvenna gegn ofbeldi á Grandhótelu í Reykjavík dagana 2.-4. september. Ráðstefnan var sótt af um 180 gestum frá öllum Norðurlöndunum.

Regnhlífarsamtökin “Nordiske kvinner mot vold” voru stofnuð í Noregi árið 1994 fyrir norrænu kvennaathvörfin 225. Stígamót og fjöldi annarra samtaka sem starfa á svipuðum vettvangi slógust svo fljótlega í hópinn. Um er að ræða óformlegt tengslanet um 300 samtaka sem reynst hefur mjög vel. Haldnar hafa verið árlegar ráðstefnur og margir vinnuhópar fræði- og baráttukvenna hafa unnið mikið starf sem tengst hefur samtökunum. Á alþjóðavettvangi höfum við líka margsinnis staðið að sameiginlegri dagskrá.

Yfirskrift ráðstefnunnar var “Norden – amnesti for voldsmenn – om handlinger og handlingsslammelse overfor seksualiseret vold”. Yfirskriftin er ekki gripin úr lausu lofti. Ef aðeins er horft til starfsemi Stígamóta er það umhugsunarefni að aðeins 6-10% af þeim málum sem þangað berast eru eru kærð. Við það má svo bæta öllum þeim málum sem eru felld niður vegna skorts á sönnunum. Reynolds kvennaathvarfanna á Norðurlöndunum er ekki ólík. Ráðstefnan var opnuð af dr. Mariu Eriksson sem hélt utan um stóra norræna rannsóknarverkefnið “Kyn og ofbeldi” sem varði í fimm ár og lauk sl. sumar.

Síðan kynnti Tove Smaadahl framkvæmdastýra norsku kvennaathvarfahreyfingarinnar raddir fjögurra norrænna kvenna sem nýtt hafa sér þjónustu athvarfanna. Kynnt voru dæmi um nauðun, sífjaspell, vændi og ofbeldi í parsambandi. Það sem dæmin áttu sameiginlegt var að í engu tilfellanna fengu konurnar viðunandi hjálp. Aðrir fyrirlesarar voru Sjak R. Haaheim, Brynhildur Flóvenz, Bjarni Benediktsson, Rachel Eapen Paul og Dorit Otzen.



Að lokum var panelumræða þar sem viðfangsefnið var hvernig norrænu velferðarsamfélögin geti á sem ábyrgastan hátt tekist á við kynbundið ofbeldi. Hvernig er hægt að gera ofbeldismenn ábyrga fyrir gerðum sínum og styðja þau sem verða fyrir ofbeldinu? Hvernig getur fagfólk orðið eins fært og verða má? Hvaða aðgerðir á að setja í gang og hvaðan eiga fjármunirnir að koma? Að auki var boðið upp á 12 vandaða vinnuhópa um ólík efni sem tengjast yfirskrift ráðstefnunnar. Opíð hús var hjá Stígamótum og í Kvennaathvarfinu fyrir ráðstefnuna og Forseti Íslands bauð til móttöku á Bessastöðum eftir ráðstefnuna.

### Norrænt námskeið um rekstur sjálfshjálparhópa



Frá námskeiði um rekstur sjálfshjálparhópa, dr. Guðrún er framst á myndinni.

Í tengslum við norrænu ráðstefnuna var ákveðið að bjóða uppá það nýmæli að konur gætu “nýtt ferðina” sem best með því að taka þátt í námskeiðahaldi. Hreiðrið í Danmörku stóð fyrir námskeiði um verslun með konur og var því stýrt af þeim þeim Dorit Otzen og Trine Lund Jensen.

Á Stígamótum var boðið upp á tveggja daga námskeið um rekstur sjálfshjálparhópa. Námskeiðinu stýrði dr. Guðrún Jónsdóttir eldri ásamt fleiri Stígamótakonum. Það hefur sýnt sig að hvergi annars staðar innan kvennaathvarfahreyfingarinnar er hópastarfið jafn umfangsmikið og þróað og hjá Stígamótum og það var með stolti að reynslu og þekkingu var deilt með nágrannakonunum.

### Djúpalónsperlur gefa kraft og jafnvægi í norrænum kvennaathvörfum

Þegar við stóðum fyrir norrænu ráðstefnunni árið 2001 var ákveðið að gefa gestunum verkfæri í baráttunni fyrir ofbeldislausri tilveru. Verkfærin áttu að vera nothæf til þess að rífa niður ónothæfar stofnanir, breyta þeim sem hægt væri að breyta og til þess að byggja nýjar. Allir gestir fengu klaufhamra í skreyttum léréftspokum sem þær tóku heim með sér þrátt fyrir vandræði í tollskoðun.

Í ár var ákveðið að gefa aftur nýtsamar gjafir og var úr vöndu að ráða. Ekki áttum við peninga, en kraft áttum við nógan á Íslandi og hann er nýtsamur í baráttunni. Þann 18. ágúst brugðu starfskonur undir sig betri fætinum og héldu á Snæfellsnes í yndislegu veðri. Erindið var að sækja persónulegar gjafir til samstarfskvenna á Norðurlöndunum. Farið var í Djúpalón og valdar voru Djúpalónsperlur handa



Perlurnar valdar á Djúpalónssandi

gestunum 200. Djúpalónsperlur eru einstakar og veita bæði kraft og jafnvægi. Ferðalagið var fest á filmu af Björgu okkar listakonu og sýnt undir hátíðarkvöldverði. Svo báru Stígamótakonur gjafirnar innpakkaðar með slaufum á milli borða við mikinn fögnuð.

## Aðrar erlendar ráðstefnur og fundir

Samskipti Stígamóta við útlönd voru með ýmsu móti. Ráðstefnan *Kjonn og vold* sem haldin var í Gautaborg í Svíþjóð dagana 9.-12. júní var uppskeruhátíð fyrir stórt fimm ára norrænt rannsóknarverkefni um kyn og ofbeldi. Þar flutti talskona Stígamóta erindi í málstofu um bætt hlustunarskilyrði meðal fagfólks.

Í St. Pétursborg í Rússlandi var haldin ráðstefnan *Women and Democracy*. Þar tók Stígamótatalskonan til máls í málstofu um verslun með konur. Sú umræða hélt svo áfram í desember í Riga í Lettlandi á ráðstefnu um úrræði í mansalsmálum.

Unifem og Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum (RIKK) héldu ráðstefnu í Háskóla Íslands í tilefni af tíu ára afmæli Pekingáætlunarinnar. Ráðstefnan var á ensku og fyrirlesarar voru erlendir gestir úr ýmsum áttum. Þar var haldin málstofa um ofbeldi þar sem frummælendur voru Rosa Logar góðvinkona Stígamóta og talskona Stígamóta.

Á Norðurlandaráðsþingi sem haldið var í Reykjavík voru kallaðir til fulltrúar fjálsra félagasamtaka vegna tillagna vinstriflokka um klám og vændi. Þar fengu Stígamót tækifæri til þess að koma á framfæri hugmyndum okkar um úrræði.

Síðasta útlenska verkefni ársins var undirbúningsfundur fyrir næstu ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold sem haldin verður í Færeyjum. Fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í desember. Ákveðið var að næsta ráðstefna skyldi fjalla um ofbeldi og heilsu.

## Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum

- **Norrænar konur gegn ofbeldi** sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- **ENATW –European network against Trafficking in Women**, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er [www.aretusa.net](http://www.aretusa.net)
- **Norsk nettverk mot prostitusjon og trafficking** Stígamót ásamt Hreiðrinu í Danmörku og Louise Eek í Svíþjóð eru aðilar að netinu, önnur samtök eru norsk.
- **Wave - women against violence in Europe** með vefsíðuna: [www.wave-network.org](http://www.wave-network.org)
- **International Abolitionist Federation** sem eru elstu starfandi samtök gegn vændi í heiminum
- **Coalition Against Trafficking in Women** sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar [catw-l@list.web.net](mailto:catw-l@list.web.net)



## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 16 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Ýmislegt fleira má lesa úr eftirfarandi tölum. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

*Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 2005 leituðu 543 einstaklingar til Stígamóta og af þeim voru 249 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2005 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 249 einstaklinga.

Á þeim 16 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2005 hafa 4233 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 6004 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Samkvæmt þjóðskrá eru konur á Íslandi 146.407 og til Stígamóta hafa undanfarin 16 ár leitað 4027 konur eða 2.75 % íslenskra kvenna.

Það er athygli vert hversu miklu fleiri ofbeldismennirnir eru en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Á árinu voru 5 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2005 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrstu ellefu starfsárunum má nálgast hjá Stígamótum.

### Tafla 1) Fjöldi viðtala árið 2005

Fjöldi einstaklinga	Þar af ný mál	Heildarfjöldi viðtala
543	249	2042

Þegar þessar tölur eru bornar saman við síðasta ár kemur í ljós að ný mál eru fleiri en í fyrra og nemur fjölgunin 9.2%. Fjöldi einstaklinga sem færast á milli ára er líka meiri en í fyrra og nemur fjölgunin 26.6%. Heildarfjöldi viðtala er minni en í fyrra sem nemur 1.6%.


### Heimsóknir gesta á heimasíðu Stígamóta voru um 15.000 og símtöl rúmlega 2000

Á síðasta ári voru gestaheimsóknir á heimasíðu Stígamóta [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is) um 15.000. Um er að ræða meira en helming fjölgun og er það ánægjulegt.

Nokkrar konur voru í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Símtöl voru rúmlega 2000. Í um helmingi tilfella var um stuðningssímtöl að ræða, í 10% tilfella var um að ræða beiðni um fræðslu, í 21% tilfella var um upplýsingaleit að ræða, önnur símtöl voru annars eðlis. Samskipti í gegnum tölvupóst voru mikil, bæði frá einstaklingum, félagasamtökum og fagfólki. Einnig voru samskipti við erlend systursamtök mikil í gegnum netið.


**Tafla 2) Skipting einstaklinganna eftir kyni**

	Fjöldi	Hlutf.
Konur	223	89,6%
Karlar	26	10,4%
	<b>249</b>	<b>100%</b>




Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum á Íslandi gætu um 20% misnotaðra barna á Íslandi verið drengir. Sama rannsókn unnin á tímabilinu 1999-2002 bendir til að 23% stúlkna og 8% drengja hafi verið beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. (Mbl. 17. sept. 2002). Þar sem um helmingur þeirra sem leita til Stígamóta koma vegna sífjaspella og langflestir karlar koma vegna ofbeldis í æsku, má segja að karlar séu rúmlega 20% af sífjaspellshópnum. Í fyrra voru þeir rúm 16%. Það má því segja að Stígamót nýtist þeim körlum nokkuð vel sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi.

**Tafla 3) Fjöldi nýrra mála frá upphafi**



Taflan sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 14 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóv. 1998.

**Tafla 4) Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2005**



Þessi tafla er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert.

**Tafla 5a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2005**


	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	150	52,8%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	98	34,5%
Grunur um sifjaspell	3	1,1%
Grunur um nauðgun	5	1,8%
Kynferðisleg áreitni	16	5,6%
Vændi	9	3,2%
Klám	3	1,1%
	<b>284</b>	<b>100%</b>

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir.

Þar sem um grun er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa orðið fyrir ofbeldi, en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum,

martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en getur ekki munað hvað gerðist.


Konur hafa leitað hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konunum hótáð að þeim verði dreift.



### Ný vændismál voru 9 og gömul mál 10


Á síðasta ári nýttu 19 konur viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis, þar af voru 9 ný mál og 10 eldri mál. Í ár voru engir karlar þar á meðal. Nokkrar konur voru í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum, að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrir en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.

Tafla 5b) Samanburður milli ára



## Tafla 6) Hverjir leituðu til Stígamóta í fyrsta sinn árið 2005?

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	228	91,6%
Foreldrar polanda	1	0,4%
Móðir polanda	3	1,2%
Faðir	1	0,4%
Systkini	6	2,4%
Maki	4	1,6%
Annar	6	2,4%
	<b>249</b>	<b>100%</b>



Hér eru einungis skrásettar upplýsingar um það fólk sem leitaði eftir stuðningi hjá Stígamótum. En eins og segir í textahluta ársskýrslunnar voru Stígamót heimsótt af ýmsum fleirum. Má nefna námsfólk, samstarfsaðila, stjórnmalafólk, fagfólk og erlenda aðila.

Mökum er velkomið að fá viðtöl hjá Stígamótum en koma aðeins fram í tölum þegar sú (eða sá) sem beitt var ofbeldi leitaði ekki hjálpar.

## Tafla 7a/b) Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2005

Tafla 7 a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 7 b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir nýttu sér Stígamót á aldrinum 19-39 ára, en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-10 ára.

7a)


	Fjöldi	Leitað
0 -4 ára	0	0,0%
5-10 ára	2	0,8%
11-15 ára	2	0,8%
16-18 ára	27	10,8%
19-29 ára	118	47,4%
30-39 ára	45	18,1%
40-49 ára	39	15,7%
50-59 ára	12	4,8%
60 ára og eldri	4	1,6%
Óvíst	0	0,0%
	<b>249</b>	<b>100%</b>

7b)

	Fjöldi	Framið
0-4 ára	9	3,6%
5-10 ára	115	46,2%
11-15 ára	34	13,7%
16-18 ára	42	16,9%
19-29 ára	30	12,0%
30-39 ára	10	4,0%
40-49 ára	3	1,2%
50-59 ára	1	0,4%
60 ára og eldri	0	0,0%
Óvíst	5	2,0%
	<b>249</b>	<b>100%</b>




**Tafla 7c) Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2005**




Súlurit 7 c sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 2005. Tekið skal fram að 31 voru 18 ára eða yngri þegar aðstoðar var leitað. Fyrir þann hluta hópsins sem var undir 18 ára aldri er um að ræða mál sem þekkt eru af barnaverndaryfirvöldum. Það er eftirtektarvert á súluritinu hversu langur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

## Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

**Tafla 8) Uppeldisaðstæður**



**Tafla 9) Hjúskaparstaða**





**Tafla 10) Fjöldi barna**

	Fjöldi	Hlutf.
Barnlaus	130	52,2%
Eitt barn	32	12,9%
Tvö börn	42	16,9%
Þrjú börn	32	12,9%
Fjögur börn	9	3,6%
Fimm börn	1	0,4%
Sex börn	0	0,0%
Sjö börn	0	0,0%
Óvist	3	1,2%
<b>Samtals</b>	<b>249</b>	<b>100%</b>

Tölur 8, 9 og 10 sýna uppeldisaðstæður, hjúskaparstöðu og fjölda barna þeirra sem leita til Stígamóta. Flest er fólkíð einhleypgt og barnlaust, enda meðalaldurinn lágur.


**Tafla 11 a/b) Menntun og atvinna**






Tölurnar og súluritin hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2005 sýna að margir eru við nám, enda meðalaldurinn ekki hár.

### Tafla 12) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölurnar í töflunni miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Á undanföllum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í um 56.5% tilvika. Það sem er flokkað úti á landi er bæði í þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk.

**Tafla 13 a) Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2005**



Um 78% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. En þrátt fyrir vegalengdir er notendahópurinn af öllu landinu. Fólkið sem býr lengst í burtu hefur lagt mikið á sig til þess að nýta þjónustuna en símaviðtöl eru þó skásti kosturinn fyrir þennan hóp.

**Tafla 13 b) Búseta; samanburður milli ára**

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	
Reykjavík	49,5%	47,6%	55,7%	55,0%	56,6%	55,0%	137
Kópavogur	9,8%	8,9%	9,0%	12,0%	10,5%	10,8%	27
Hafnarfjörður	9,3%	8,0%	6,7%	7,2%	11,4%	8,4%	21
Seltjarnarnes	2,8%	1,3%	1,6%	2,0%	1,8%	0,8%	2
Garðabær	3,7%	0,9%	2,7%	2,4%	2,6%	2,4%	6
Mosfellsbær	2,3%	4,0%	2,0%	4,0%	2,6%	0,4%	1
Úti á landi	21,5%	24,9%	20,4%	16,7%	11,4%	19,3%	48
Erlendis	0,9%	4,4%	2,0%	0,8%	3,1%	2,0%	5
<b>Fjöldi</b>	<b>214</b>	<b>225</b>	<b>255</b>	<b>251</b>	<b>228</b>	<b>249</b>	


Súlurit 13a sýnir búsetu þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2005. Í töflu 13b er gerð grein fyrir búsetu fólks árin 2000 til 2005 og virðist skiptingin nokkuð lík á milli ára.

## Um ofbeldisverkin

**Tafla 14) Líkamlegt ofbeldi í bernsku**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	38	15,3%
Nei	201	80,7%
Ekki vitað	10	4,0%
	<b>249</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 14 höfðu 38 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2005 eða 15.3 % búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra, sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er svipað frá ári til árs.




**Tafla 15) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	36	16,7%
Nei	173	80,5%
Ekki vitað	6	2,8%
	<b>215</b>	<b>100%</b>

Í töflu 15 kemur fram að 16.7 % þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2005 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Athugið að heildarfjöldi í töflunni er 215, en það er sá fjöldi kvenna sem hefur verið í sambúð eða hjúskap.


Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 10% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.



Tafla 16 a) Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2001	2002	2003	2004	2005	Fjöldi
Eitt skipti	13,3%	18,1%	16,6%	9,4%	8,5%	13
0-3 mánuði	4,9%	5,4%	4,6%	5,8%	5,2%	8
4-6 mánuði	5,6%	2,7%	4,0%	7,2%	6,5%	10
7-11 mánuði	4,9%	1,3%	2,0%	4,3%	3,9%	6
Eitt ár	13,3%	8,1%	8,6%	10,9%	9,8%	15
Tvö ár	15,4%	10,7%	12,6%	10,9%	9,8%	15
Þrjú ár	14,0%	16,1%	16,6%	13,8%	12,4%	19
Fjögur ár	10,5%	8,1%	8,6%	10,9%	9,8%	15
Fimm ár	4,2%	7,4%	4,6%	11,6%	10,5%	16
Sex ár	3,5%	4,7%	6,0%	5,1%	4,6%	7
Sjö ár	0,7%	1,3%	1,3%	2,9%	2,6%	4
Átta ár	0,0%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	1
Níu ár	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Tíu ár	1,4%	2,7%	4,0%	2,2%	2,0%	3
Lengur en tíu ár	1,4%	2,0%	1,3%	0,7%	0,7%	1
Óvíst	7,0%	10,1%	8,6%	14,5%	13,1%	20
Hlutfall	100%	100%	100%	100%	100%	
Fjöldi	143	149	151	138	153	

Tafla 16 b) Samanburður milli ára



Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist fólki oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar, eru varlega áætlaðar. Augljóst er, að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Súluritið lýsir samanburði á milli ára. Í um 76% tilfella standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.

**Tafla 17) Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?**

	Fjöldi	Hlutf.
Á sameiginlegu heimili	71	24,9%
Á heimili þolanda	48	16,8%
Á heimili ofbeldismanns	82	28,8%
Á vinnustað þolanda	3	1,1%
Á vinnustað ofbeldismanns	14	4,9%
Á víðavangi/leikvelli	16	5,6%
Í sumardvöl	11	3,9%
Á útihátíð	11	3,9%
Á skemmtistað	8	2,8%
Annars staðar	19	6,7%
Övíst	2	0,7%
	<b>285</b>	<b>100%</b>

Í töflunni kemur fram, að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður og ofbeldismanns; á heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður eða heimili ofbeldismanns, samtals í um 70 % tilfella.

Í töflunni sem merkt er “annars staðar” er um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi, í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.


**Tafla 18 a) Sagði þolandi frá ofbeldinu**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	35	14,1%
Nei	208	83,5%
Ekki vitað	6	2,4%
	<b>249</b>	<b>100%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Móður	7	15,9%
Föður	3	6,8%
Maka	2	4,5%
Systkinum	3	6,8%
Börnunum sínum	2	4,5%
Öðrum í fjölskyldunni	2	4,5%
Vini/vinkonu	18	40,9%
Fagaðila	6	13,6%
Öðrum utan fjölskyldu	1	2,3%
	<b>44</b>	<b>100%</b>


**Tafla 18 b) Samanburður milli ára**

Tafla 18a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 2005 eru 14.1%, sem það hafa gert. Taflan sýnir einnig hverjum viðkomandi sagði frá, en algengast var að vinkonur/vinir nyttu trúnaðar. Súluiritið 18b sýnir samanburð milli ára.




### Tafla 18c) Var viðkomandi trúað?

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki trúað	8	19,0%
Trúað	33	78,6%
Óvíst	1	2,4%
	<b>42</b>	<b>100%</b>



Tafla 18c sýnir að af þeim sem sögðu frá ofbeldinu var 33 eða 78.6 % þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.

### Tafla 19) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis




Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir". Um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Skömm, léleg sjálfsmýnd, depurð, sektarkennd og erfiðleikar í nánum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðinn sjálfsköðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig, t.d. á handleggjum.



**Tafla 20 a) Sjálfsvígstíraunir**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	29	11,6%
Nei	210	84,3%
Ekki vitað	9	3,6%
Á ekki við	1	0,4%
	<b>249</b>	<b>100%</b>



Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2005, höfðu 29 eða 11.6 % gert eina eða fleiri tíraunir til sjálfsvíga. Í töflu 20b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg, borin saman eftir árum.

Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kemst hún að því að um 15% hafi gert tíraunir til sjálfsvígs og rímar það vel við þessa mynd. Almennt gildir að um 4% fólks hafi gert slíkar tíraunir.

**Tafla 20 b) Samanburður milli ára**

	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Já	13,8%	12,2%	14,7%	14,5%	11,6%
Nei	81,8%	85,1%	78,5%	80,3%	84,3%
<b>Fjöldi</b>	<b>225</b>	<b>255</b>	<b>251</b>	<b>138</b>	<b>249</b>


**Tafla 20 c) Sjálfsvígshugsanir**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	120	48,2%
Nei	108	43,4%
Ekki vitað	20	8,0%
Á ekki við	1	0,4%
	<b>249</b>	<b>100%</b>




Tæplega helmingur þeirra sem til Stígamóta leituðu, lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Það er til marks um alvarleika kynferðisofbeldis, að þeir sem fyrir því verða, kjósa jafnvel dauðann fram yfir líðan sína.

**Tafla 21) Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta árið 2005?**



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar

**Tafla 22 a) Tengsl við ofbeldismenn**



Í töflu 22a kemur fram að 299 ofbeldismenn höfðu beitt þá 249 einstaklinga ofbeldi sem leituðu til Stígamóta árið 2005. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring er að á árinu voru 5 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum.

Súluritið sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 11.7% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2005 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

**Tafla 22 b/c ) Samanburður milli ára frá árinu 2001**

Sifjaspell	2001	2002	2003	2004	2005	
Faðir	13,4%	18,4%	14,7%	15,2%	15,2%	25
Móðir	0,7%	0,6%	0,0%	0,6%	0,6%	1
Stjúpfaðir	9,4%	4,9%	11,0%	9,7%	9,7%	16
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Afi	8,1%	11,0%	3,1%	7,3%	7,3%	12
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Bróðir	12,8%	6,1%	12,9%	15,8%	15,8%	26
Systir	0,0%	0,0%	0,6%	0,6%	0,6%	1
Frændi/frænka	22,8%	20,9%	20,2%	18,8%	18,8%	31
Vinur/kunningi	5,4%	11,7%	12,9%	4,8%	4,8%	8
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Umsjáraðili utan fjölskyldu	4,7%	8,0%	3,7%	3,0%	3,0%	5
Ókunnugur	2,0%	0,0%	0,0%	1,8%	1,8%	3
Giftur inn í fjölskylduna	9,4%	3,1%	2,5%	4,2%	4,2%	7
Fjölskylduvinur	10,1%	12,9%	17,2%	17,6%	17,6%	29
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Annað	1,3%	2,5%	1,2%	0,6%	0,6%	1
<b>Fjöldi</b>	<b>149</b>	<b>163</b>	<b>163</b>	<b>149</b>	<b>165</b>	

Nauðgun	2001	2002	2003	2004	2005	
Faðir	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Stjúpfaðir	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Afi	0,0%	0,0%	0,6%	0,6%	0,0%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Bróðir	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	2,2%	1,3%	3,2%	0,0%	1,7%	2
Vinur/kunningi	54,4%	53,3%	53,5%	60,2%	53,4%	62
Maki	13,3%	10,7%	12,3%	9,7%	8,6%	10
Umsjáraðili utan fjölskyldu	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%	0,0%	0
Ókunnugur	23,3%	27,3%	23,9%	28,3%	27,6%	32
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,7%	1,3%	0,0%	0,9%	1
Fjölskylduvinur	2,2%	1,3%	1,9%	0,0%	2,6%	3
Vinnuveitandi	2,2%	1,3%	0,0%	0,0%	3,4%	4
Samstarfsmaður	1,1%	1,3%	1,9%	0,0%	0,9%	1
Annað	1,1%	0,7%	0,6%	0,9%	0,9%	1
<b>Fjöldi</b>	<b>90</b>	<b>150</b>	<b>155</b>	<b>113</b>	<b>116</b>	


Í töflum 22b og c eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Taflan um sifjaspell sýnir að feður, bræður, frændur og fjölskylduvinir eru líklegastir til þess að beita börn kynferðisofbeldi. Þeir sem eru líklegastir til þess að nauðga eru vinir/kunningjar, makar og ókunnugir.

## Kærð mál

Tafla 23 ) Kært til lögreglu og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	13	4,3%
Nei	280	93,6%
Ekki vitað	6	2,0%
	<b>299</b>	<b>100%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	10	76,9%
Barnav.n.	3	23,1%
	<b>13</b>	<b>100%</b>



Af þeim málum sem til Stígamóta bárust, vitum við að 4.3% komust til opinberra aðila og er það áhyggjuefni. Þessi tala hefur lækkað mjög á undanförunum árum. Ástæðurnar eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á, að það nái rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar, er, að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi séu svo þjökkuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysti sér ekki til þess að kæra. Þau viðhorf eru lífsseig þó þau byggi á fáfræði. Má benda á rannsókn Amnesty International í Bretlandi frá des. 2005 og aðra danska rannsókn frá 2004, sem sýna að almenningur telur konur bera mikla ábyrgð á því hvort þeim er nauðgað eður ei. Við höfum ekki ástæðu til þess að ætla að Íslendingar séu betur upplýstir en nágrannaþjóðirnar og væntanlega eru konur og börn sem beitt eru nauðgunum með svipuð viðhorf og aðrir.

Af töflum 24-27 má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómskerfinu. Það skal þó tekið fram að Stígamót hafa ekki alltaf aðstöðu til þess að fylgjast með gangi mála, svo kærur og dómur gætu verið fleiri eftir að afskiptum Stígamóta lýkur.

Tafla 24 ) Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	2	15,4%
Málið er vinnslu	6	46,2%
Málið fellt niður	4	30,8%
Ovíst	1	7,7%
	<b>13</b>	<b>100%</b>


Tafla 25 ) Hvernig var dæmt í málinu í héraði?

	Fjöldi	Hlutf.
Sýknaður	1	50,0%
Dæmdur í fangelsi	1	50,0%
	<b>2</b>	<b>100%</b>

**Tafla 26 ) Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?**

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki vísað til Hæstaréttar	1	50,0%
Dómur ekki fallinn	1	50,0%
	<b>2</b>	<b>100%</b>

**Tafla 27 ) Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bárust árið 2005**



Hafa verður í huga að Stígamót hafa litlar upplýsingar um það hvað verður um sakamálin eftir að þau eru kærð. En augljóst er af meðfylgjandi kökuriti að flest þau mál sem til umfjöllunar eru hjá Stígamótum eru ekki með í opinberum tölum um ofbeldi.


## Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

**Tafla 28) Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra árið 2005**

	Fjöldi	Hlutf.
Menn	290	97,0%
Konur	9	3,0%
	<b>299</b>	<b>100%</b>

Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi.

Í töflunni og skífuritinu hér að ofan kemur í ljós að karlar eru 97% þeirra sem að beitt hafa því kynferðisofbeldi sem hér um ræðir. Árið 2002 voru konur 4.8%. Til samanburðar má geta að í áður nefndri rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur á kynferðisofbeldi gegn börnum eru konur 7.6% ofbeldismanna. Væntanlega eru tölur Stígamóta of lágar um kvenkyns kynferðisbrotamenn, en



niðurstaðan er enn óbreytt. Kynferðisofbeldi er kynbundið ofbeldi og ekki hægt að fjalla um það án þess að breytan kyn sé áhrifamikil. Það eru fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn – bæði stúlkur og drengi kynferðisofbeldi. Niðurstöður Hrefnu Ólafsdóttur benda til að 23% stúlkna og 8% drengja hafi verið beitt ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

## Félagsleg staða ofbeldismanna

Tafla 29) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið

	2001	2002	2003	2004	2005	
1-10 ára	0,0%	0,3%	0,3%	0,0%	0,0%	0
11-15 ára	6,1%	6,0%	7,4%	3,6%	10,0%	30
16 -18 ára	10,2%	11,0%	13,9%	9,4%	12,7%	38
19 -29 ára	34,8%	34,5%	37,3%	36,2%	35,1%	105
30 -39 ára	28,9%	27,1%	22,8%	16,3%	21,4%	64
40 -49 ára	10,9%	11,0%	10,4%	14,5%	11,4%	34
50 -59 ára	2,7%	6,0%	2,4%	12,3%	4,0%	12
60 ára og eldri	2,7%	2,4%	0,9%	4,0%	2,7%	8
Óvíst	7,9%	1,8%	4,7%	3,6%	2,7%	8
<b>Fjöldi</b>	<b>256</b>	<b>336</b>	<b>338</b>	<b>276</b>	<b>299</b>	


Tafla 29 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Árið 2005 voru óvenjumargir drengir sem beittu ofbeldi eða 10%. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Ofbeldið er ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 30) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	2001	2002	2003	2004	2005	
Er í skyldunámi	7,0%	6,3%	8,0%	5,1%	10,0%	30
Er í framhaldsskóla	11,7%	13,1%	14,2%	17,0%	14,0%	42
Er í háskóla	1,6%	1,8%	1,2%	2,5%	0,3%	1
Lokið skyldunámi	25,0%	24,4%	25,7%	26,1%	18,7%	56
Lokið framhaldsskóla	22,7%	19,0%	26,3%	21,4%	15,1%	45
Lokið háskóla	4,7%	6,8%	3,6%	1,8%	4,7%	14
Lokið öðru sérnámi	7,0%	4,5%	3,8%	4,3%	0,7%	2
Lauk ekki skyldunámi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Óvíst	20,3%	23,2%	17,2%	21,7%	36,5%	109
<b>Fjöldi</b>	<b>256</b>	<b>336</b>	<b>338</b>	<b>276</b>	<b>299</b>	

Tafla 30 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

**Tafla 31) Atvinna ofbeldismanna**



Tafla 31 sýnir atvinnu ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir eru á öllum aldri, hafa mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir koma úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

**Tafla 32) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið**

	Fjöldi	Hlutf.
Einhleypur	102	34,1%
Í sambúð	22	7,4%
Giftur	65	21,7%
Innan 18 ára	34	11,4%
Er að skilja	0	0,0%
Fráskilinn	1	0,3%
Ekill	4	1,3%
Óvíst	71	23,7%
	<b>299</b>	<b>100%</b>

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið var framið. Tæplega 30 % þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

**Tafla 33) Börn ofbeldismanna í dag**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	86	28,8%
Nei	42	14,0%
Ekki vitað	171	57,2%
	<b>299</b>	<b>100%</b>

Af töflu 33 má sjá að a.m.k. 86 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn eða 28.8%. Óvissuþátturinn er þó stór.



## **Stígamót**

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857

Netfang: [stigamot@stigamot.is](mailto:stigamot@stigamot.is)

Vefsíða: [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)